

umdeildu fjárhæð í hendur, og ekki hefur því verið haldið fram, að hann hafi orðið fyrir réttarspjöllum vegna dráttar þess, sem varð á málshöfðun. Með hliðsjón af þessu svo og öðrum málavöxtum þykir ekki unnt að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Afstaða til málskostnaðar í heild verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Þess ber að geta, að við flutning um frávísunarsökina var lýst yfir því af lögmanni stefnanda Haralds f. h. Björns Hauks, að samkomulag hefði orðið um að fresta flutningi í Hæstarétti um fógetaréttarúrskurðinn frá 28. febrúar 1957, unz dómur hefði gengið í máli þessu.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Fram komin frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 1. júlí 1959.

Nr. 73/1959. **Valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Ólafíu Margréti Bjarnadóttur
 (Vagn Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Svipting sjálfræðis.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómari höfðaði mál þetta af sjálfsdáðum án atbeina dómsmálaráðherra, sbr. 20. gr. laga nr. 27/1951. Með hliðsjón af 2. mgr. 114. gr. sömu laga verður héraðsdómur þó eigi ómerktur.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms og ýmis vitni leidd, m. a. lækarnir Kristján Þorvarðsson og Jón Hjaltalín Gunnlaugsson.

Kristján læknir staðfesti vottorð sín, þau er í héraðsdómi

getur. Lýsti hann því, að hann „telji nauðsynlegt, að ef lækna á alkóhólista, þá þurfi að halda þeim á hæli í nokkra mánuði a.m.k.“ Hann mundi ekki, hvort hann hefði haft „samband við Ólafíu Margréti á árinu 1958“, en hins vegar hefði hann haft spurnir af henni.

Jón Hjaltalín læknir skýrir svo frá, að móðir stefndu hefði nokkrum sinnum kvatt hann til, „þegar hún átti í vandræðum með Ólafíu Margréti vegna drykkjuskapar hennar“. Kvað hann sér kunnugt um, að stefnda væri vegna drykkjusýki sinnar eigi fær að ráða sjálf persónulegum högum sínum, enda sé hún áfengissjúklingur, sem þarfnist eindregið hælisvistar. Hann minntist „þess ekki að hafa haft samband við Ólafíu Margréti síðastliðið 1½ ár“, enda hafi hann vísað á bug að sinna henni. Hins vegar hafi hann haft af henni spurnir.

Guðmundur Jóhannsson, forstjóri drykkjumannahælisins Bláa bandsins, kom fyrir dóm og skýrði frá því, að stefnda hefði dvalizt sem sjúklingur á nefndu hæli um þriggja vikna skeið árið 1957, og væri hún að sínu álit drykkjusjúklingur.

Þá hefur Stefán Jónsson skrifstofustjóri, sem kvæntur er föðursystur stefndu, gefið skýrslu, er hann hefur staðfest fyrir dómi. Kveður Stefán náið samband hafa verið milli heimilis síns og foreldra stefndu meira en aldarfjórðung og það samband haldizt óbreytt eftir andlát föður stefndu. Telur hann stefndu hafa verið áfengissjúkling um alllangt skeið, og hafi það verið álit sitt, eftir að erfiðleikar í sambandi við drykkjuskap hennar fóru vaxandi, að eigi væri annarra kosta völ en ráðstafa henni í drykkjumannahæli eða sjúkrahús.

Lögreglukona hefur fyrir dómi skýrt frá því, að á árinu 1958 hafi lögreglan í Reykjavík fjórum sinnum orðið að hafa afskipti af stefndu vegna drykkjuskapar hennar.

Hinn 5. marz sl. var stefnda vistuð í sjúkrahúsið að Kleppi. Lögð hefur verið fram í dómi skýrsla Þórðar yfir-læknis Möllers um stefndu, og segir þar m. a.:

„Komið var með Ólafíu Margréti Bjarnadóttur, Hring-

braut 39, hingað 5/3 þ. á. í fylgd kvenlögreglunnar. Var hún þá ekki undir áhrifum áfengis, en „rykuð“ og heldur illa fyrirkölluð. Var komið með hana hingað að undan-gengnum sjálfræðissviptingardómi. Með tilliti til þess, að hún var flutt hingað og vistuð hér gegn vilja sínum, var ekki um annað að ræða en hafa hana á lokaðri deild. Var henni valinn staður í einu best staðsetta rúminu á rólegustu lokuðu deildinni hér.

Framan af fékk hún „Sparine“ (töflur, sem mjög almennt eru notaðar handa drykkjusjl., meðan þeir eru að ná sér) og vítamín.

Líkamlegar rannsóknir leiddu í ljós, að hún var heldur fólleitt og mjög grannholda, en blóðmynd sýndi sig hins vegar að vera eðlileg. Hefur sjúkl. náð sér í útliti þann tíma, sem hún hefur verið hér, og orðin hin sælegasta, þyngzt úr 49 kg upp í 51 kg, síðan hún kom, þó hins vegar hafi verið mjög erfitt að gera henni til hæfis bæði í mat og öðru.

Heilarit var tekið af henni 24/3 og sýndi ekkert athuga-vert. Skal það tekið fram, að það var ekki verið að leita að merkjum um ofdrykkju, heldur að hugsanlegri skýringu á ofdrykkju.

Lifrarstarfspróf var gert á henni og leiddi í ljós byrjandi bilun á starfsemi lifrarinnar, sem er, eins og alkunna er, eitt fyrsta líffærið, sem verður undan að láta hjá ofdrykkjusjl.“

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og öðru, sem fram hefur komið í málinu, þykir bera að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum verður stefndu dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefnda, Ólafía Margrét Bjarnadóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirsson-

ar hæstaréttarlögmanns og Vagns E. Jónssonar héraðs-dómslögmanns, kr. 3.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Jóns Ásbjörnssonar og

Pórðar Eyjólfssonar.

Mál þetta er einkamál, sem sætir afbrigðilegri meðferð samkvæmt 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 og lögum nr. 95/1947. Ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1951, um héraðsdómara í opinberum málum, taka því ekki til máls þessa, og ber slik mál í Reykjavík undir borgardómara samkvæmt 8. gr. laga nr. 95/1947, sbr. og 2. og 4. gr. laga nr. 65/1943. Samkvæmt þessu teljum við, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá sakadóminum. En þar sem meiri hluti dómenda féllst ekki á ómerkingu dómsins, munum við samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga um Hæstarétt, nr. 112/1935, greiða atkvæði um efni málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1958.

Ár 1958, föstudaginn 19. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í sjálfræðissviptingarmálinu: Vald-stjórnin gegn Ólafíu Margréti Bjarnadóttur, sem tekið var til dóms nú samdægurs.

Málið er höfðað gegn Ólafíu Margréti Bjarnadóttur, til heimilis á Brávallagötu 12 hér í bæ, fæddri 17. september 1918 í Súðavík, til sviptingar sjálfræðis hennar og greiðslu málskostnaðar. Með bréfi, dags. 26. nóvember 1958, fór móðir Ólafíu Margrétar, Salóme Jónsdóttir ekkjufrú, til heimilis Hringbraut 39 hér í bæ, þess á leit við sakadómara, að hann hlutaðist til um, að Ólafía Margrét yrði svipt sjálfræði sakir drykkjuskapar. Rannsókn málsins leiddi þetta í ljós:

Ólafía Margrét er fráskilin. Hún á fjórar dætur á aldrinum 15 til 20 ára. Hefur móðir Ólafíu Margrétar alið upp dætur hennar nema þá elztu. Eftir að Ólafía Margrét skildi fyrir allmörgum árum, varð móðir hennar þess fyrst vör, að hún neytti áfengis. Hefur drykkjuskapur hennar farið ört vaxandi síðan. Árið 1956

var hún orðin svo langt leidd í drykkjuskapnum, að móðir hennar ætlaði þá að biðja um sjálfræðissviptingu, en ekkert varð úr því. Ólafía Margrét hefur lítið unnið hin síðari ár. Hefur móðir hennar hvað eftir annað orðið að leggja henni lið. Hefur hún greitt fyrir hana húsaleigu, sjúkrasamlagsgjöld o. fl., auk þess sem hún hefur látið renna til hennar fé til eins eða annars. Þannig hefur hún lánað Ólafíu Margréti samtals kr. 36.100,00 frá 13. október 1955 til 9. ágúst 1958. Á Salóme kvittanir fyrir þessum lánum. Þá eru ótaldar ýmsar smærri greiðslur, sem móðir Ólafíu Margrétar hefur látið af hendi rakna við hana. Ekkj hefur Ólafía Margrét endurgreitt þessi lán. Þá hefur hún iðulega leitað til móður sinnar og fengið þar fæði og húsaskjól. Er hún móður sinni til fjárhagslegrar byrði. Hefur móðir hennar orðið að standa á móti þrálátum og tíðum beiðnum hennar um meiri peningalán.

Lögð voru fram tvö vottorð Kristjáns Þorvarðssonar læknis, dags. 28. nóvember 1956 og 26. nóv. 1958. Í vottorðum þessum vottar læknirinn, að Ólafía Margrét sé krónískur alkóhólisti. Telur læknirinn nauðsynlegt, að hún sé svipt sjálfræði sínu, til þess að unnt sé að gera á henni lækningatilraunir á lokaðri deild.

Ólafía Margrét mótmælti sjálfræðissviptingarbeiðninni. Hún kvaðst vera krónískur alkóhólisti. Er hún túradrykkjumanneskja. Hún viðurkenndi, að hún hefði lítið unnið að undanförmu. Hún var um þriggja vikna skeið á Bláa bandinu árið 1957. Hún viðurkenndi, að hún hefði orðið að leita til móður sinnar um peningalán, sem hún hefði ekki getað endurgreitt.

Lagt var fram sakavottorð Ólafíu Margrétar. Samkvæmt því hefur lögreglan orðið að hafa afskipti af henni vegna ölvunar hennar nokkrum sinnum árin 1955 til 1958. Í tveimur tilvikum leiddi ölvun hennar til sekta, kr. 200,00 og kr. 300,00, en sektarupphæðirnar benda til þess, samkvæmt þeirri venju, sem tíðkast um afgreiðslu kærna vegna ölvunar á almannafæri, að ölvunar-kærurnar hafi verið fleiri en sektirnar segja til um. Auk þess geymir sakavottorðið upplýsingar um, að Ólafía Margrét hafi verið tekin af lögreglunni vegna ölvunar í bifreið og tvívegis vegna ölvunar innan húss. Voru þessi mál afgreidd með niðurfellingum.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið sagt, þykir nægilega sannað, að Ólafía Margrét sé alkóhólisti, sem af þeim sökum hafi raskað opinberum hagsmunum og sé móður sinni til fjárhagslegrar byrði. Ber því að taka fram komna beiðni til greina og svipta Ólafíu Margréti samkv. 3. tl. 5. gr. 1. nr. 95/1947, um lög-ræði, sjálfræði frá birtingu dóms þessa. Ólafía Margrét er dæmd

til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Vagns E. Jónssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Ólafía Margrét Bjarnadóttir, Brávallagötu 12, Reykjavík, f. 17. sept. 1918 í Súðavík, er svipt sjálfræði sínu. Hún greiði allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vagns E. Jónssonar hdl., að upphæð kr. 1.000,00.

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 88/1959. **Jón F. Franklinsson**
 gegn
Páli Jóhanni Þorleifssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón F. Franklínsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 119/1959. **Páll S. Dalmar**
 gegn
Daða Kristjánssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll S. Dalmar, er eigi sækir dómþing í máli